

# Skipulags-, byggingar- og veitunefnd

## Fundur – 6. september 2011

Fundur haldinn í Skipulags-, byggingar- og veitunefnd Blönduósbæjar þriðjudaginn 6. sept. 2011, kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33, dómsal. Mæting samkvæmt undirskriftum. Þórður Pálsson, formaður, setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Þórður Pálsson.

### Dagskrá:

#### Dagskrárliður 1

Fyrir hönd 22H2 ehf. óska ég Steingrímur Kristinsson eftir því að fá leyfi til að hafa gáma þá sem standa sunnan fjárhúsa á Miðgili áfram á sama stað og þeir eru nú.

#### Afgreiðsla:

Nefndin samþykkir stöðuleyfi til eins árs en bendir umsækjanda á að þetta sé ekki framtíðarlausn.

#### Dagskrárliður 2

Ívar Snorri Halldórsson óskar eftir leyfi til að setja garðhús á lóðina Brimslóð 2, garðhúsið er 10,41m<sup>2</sup>. Garðhúsið verður fest niður á varanlegar undirstöðður samkvæmt teikningu sem lögð verður fram þegar byggingaleyfi hefur verið samþykkt.

#### Afgreiðsla:

Nefndin hafnar erindinu þar sem ekki er leyfilegt að setja garðhús af þessari stærð á lóðina. Byggingarfulltrúa er falið að leiðbeina umsækjanda um lausnir.

#### Dagskrárliður 3

Skarphéðinn H. Einarsson óskar eftir leyfi til að breyta útliti á húseign sinni að Húnabraut 10, meðfylgjandi er teikning af gluggum.

#### Afgreiðsla:

Nefndin tekur málið fyrir aftur þegar aðalteikningar liggja fyrir.

#### Dagskrárliður 4

SAH afurðir ehf. óska eftir stöðuleyfi fyrir 40 feta gám við norðurhlið á Húnabraut 39.

#### Afgreiðsla:

Nefndin samþykkir stöðuleyfi til eins árs en bendir umsækjanda á að þetta sé ekki framtíðarlausn.

#### Dagskrárliður 5

Olíudreifing ehf. sækir um leyfi til að rífa og fjarlægja olúgeyma og lagnir á lóð sinni við hafnarsvæðið á Blönduósi. Olíudreifing ehf. hefur samið við Hringrás hf. um verkið.

#### Afgreiðsla:

Nefndin samþykkir erindið.

#### Dagskrárliður 6

Ágúst Þór Bragason óskar eftir byggingarleyfi fyrir gróðurhús og geymslu samkvæmt meðfylgjandi teikningu af fasteigninni Brekkubyggð 15.

#### Afgreiðsla:

Nefndin samþykkir erindið með fyrirvara um að byggingarfulltrúi gangi frá málinu þegar undirritaðar teikningar berast.

Fundi slitið.

Haukur Ásgeirsson (sign)

Ingunn Ásgeirsdóttir (sign)

Heiðrún Bjarkadóttir (sign)

Hilmar Þór Hilmarsson (sign)

Stefán Árnason, byggingafulltrúi (sign)

Hilmar A. Frímannsson, slökkviliðsstjóri (sign)

Þórður Pálsson (sign)